

Styrktarsamningur um Skóla á grænni grein (Grænfánaverkefnið)


Mennta- og menningarmálaráðuneytið, kt. 460269-2969, umhverfis- og auðlindaráðuneytið kt. 471189-1519, í samningi þessum nefnd ráðuneytin, og Landvernd kt. 640971-0459 í samningi þessum nefnd styrkþegi, gera með sér svofelldan framhaldssamning um ráðstöfun á framlagi ríkisins til alþjóðlega verkefnisins „Skólar á grænni grein“, stundum nefnt Grænfánaverkefnið, fyrir árin 2014 - 2016.

1. Lagaheimildir og forsendur samningsins

- 1.1. Samningur þessi tekur til styrks sem er háður fjárveitingum á fjárlögum 2014-2016 og síðar útgefnum fjárlögum og ráðstöfunarheimild ráðuneytanna yfir þeim og sérstökum framlögum af safnliðum í umsýslu ráðuneytanna. Verði fé ekki veitt í fjárlögum skapar það styrkþega ekki bótarétt gagnvart ríkissjóði.
- 1.2. Landvernd eru frjáls félagasamtök sem starfa að umhverfismálum til að vernda og bæta lífsgæðin í landinu. Hlutverk Landverndar er að standa vörð um íslenska náttúru og vera virkur þátttakandi í stefnumótun, fræðslu og upplýstri ákvarðanatöku í málum er varða landnotkun, auðlindir og umhverfi.
- 1.3. Styrkþegi skal kynna sér og starfa í samræmi við lög og reglugerðir sem eiga við um starfsemi hans og verkefni sem samningur þessi tekur til. Þar á meðal lög og reglugerðir um rekstur aðila sem ekki eru ríkisaðilar en veita opinbera þjónustu sem er kostuð að verulegu eða öllu leyti af framlögum ríkisins. Eftirfarandi lög og reglugerðir geta því meðal annars átt við:
 - 1.3.1. Lög nr. 88/1997 um fjárreiður ríkisins, einkum 30. gr. laganna.
 - 1.3.2. Reglugerð nr. 1061/2004 um framkvæmd fjárlaga.
 - 1.3.3. Lög nr. 84/2007 um opinber innkaup, sbr. 2. mgr. 3. gr. laganna
 - 1.3.4. Upplýsingalög nr. 50/1996, sbr. 2. mgr. 1. gr. laganna.
 - 1.3.5. Stjórnsýslulög nr. 37/1993, sbr. 1. gr. laganna.
 - 1.3.6. Lög um Ríkisendurskoðun nr. 86/1997, sbr. 1. gr. laganna.
 - 1.3.7. Samkeppnislög nr. 8/1993, 14. gr.
 - 1.3.8. Lög um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000.
 - 1.3.9. Lög um Þjóðskjalasafn Íslands nr. 66/1985, sbr. 5. gr.

2. Styrkþegi ráðstafar framlagi samkvæmt grein 1.1 til eftirfarandi verkefna

- 2.1. Að hafa umsýslu með rekstri verkefnisins Skólar á grænni grein (Grænfánaverkefnisins) á leik-, grunn-, framhalds- og háskólastigi.
- 2.2. Að leggja mat á skóla sem sækja um viðurkenninguna Grænfánann og sjá um afhendingu á viðurkenningunni eftir því sem við á.
- 2.3. Að þróa áframhaldandi stuðning við umhverfisstarf þáttökuskóla á öllum skólastigum með það að markmiði að skólarnir geti sótt um viðurkenninguna Grænfánann í samræmi við verkáætlanir og markmið og styðja skólana við menntun til sjálfbærni í samræmi við námskrár.
- 2.4. Að miðla upplýsingum um framkvæmd verkefnisins, þáttökuskilyrði og framþróun til þáttökuskóla.
- 2.5. Að standa fyrir fræðslufundum fyrir starfsfólk þáttökuskóla á grænni grein.



- 2.6. Að annast samskipti við Foundation for Environmental Education (FEE) og aðildarfélög þess. Landvernd sér um þátttöku fulltrúa á ársfundi og verkefnatengda fundi Skóla á grænni grein (Eco-Schools) eftir því sem við á.

3. Réttindi og skyldur notenda


- 3.1. Rétt á þjónustu styrkþega eiga skólar á öllum skólastigum.
Styrkþegi innheimtir árgjald af þátttökuskólum til að standa undir hluta af kostnaði við verkefnið í heild sinni samkvæmt gjaldskrá. Styrkþegi endurskoðar árlega gjaldskrána. Gjaldskráin og skilmálar eru birtir á vefsvæði styrkþega. Einnig er styrkþega heimilt að innheimta þjónustugjald af þátttökuskólum vegna sérstakra verkefna sem snúa að viðkomandi skóla.

4. Ábyrgð styrkþega

- 4.1. Styrkþegi ber ábyrgð á verkefninu sem samningur þessi tekur til og að fullnægt sé kröfum sem almennt eru gerðar á þessu sviði um fagmennsku og gæði. Hann skal geta lagt fram gögn og skýrslur því til staðfestingar.
- 4.2. Styrkþega er skylt að hafa í þjónustu sinni nægilegan fjölda starfsfólks með nauðsynlega menntun og kunnáttu miðað við umfang verkefnisins hverju sinni og þá fjármögnun sem hægt verður að tryggja verkefninu ár hvert.
- 4.3. Styrkþegi ber ábyrgð á úrlausn mála gagnvart notendum, starfsmönnum sínum, birgjum og ráðuneytum.
- 4.4. Kaup styrkþega á þjónustu undirverktaka leysir hann ekki undan þeirri ábyrgð sem hann ber samkvæmt samningi þessum.
- 4.5. Styrkþega er skylt að leggja til framlag á móti framlagi ríkisins samkvæmt samningi þessum til að hann geti uppfyllt skyldur sínar samkvæmt honum. Framlagið skal vera í formi aðstöðu, þekkingar, tengslanets og þátttöku starfsmanna Landverndar og sjálfboðavinnu fjölda einstaklinga sem koma að verkefninu á einn eða annan hátt.
- 4.6. Styrkþegi ber ábyrgð á þeim skuldbindingum sem hann eða aðilar á hans vegum stofna til í tengslum við samning þennan.
- 4.7. Styrkþega ber að gæta þess að útgjöld hans séu í samræmi við tekjur og að gæta ráðdeildar í rekstri. Tekjum sem verða til í tengslum við samninginn er einungis heimilt að verja til þjónustu sem hann nær til.
- 4.8. Styrkþegi skal kaupa lögbundnar tryggingar og aðrar nauðsynlegar váttryggingar vegna verkefnisins.

5. Fjárhagsleg samskipti

- 5.1. Gert er ráð fyrir a.m.k. 12 millj. kr. árlegu framlagi til samnings þessa. Greiðir mennta- og menningarmálaráðuneytið 4,5 m.kr. af safnlið sínum til verkefnisins og umhverfis- og auðlindaráðuneytið 7,5 m.kr. af safnlið sínum. Fjárhagsleg skuldbinding ríkisins verður aldrei hærri en fjárveiting á fjárlögum.
- 5.2. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið greiðir styrkþega árlegt framlag sem hér segir:
- 5.2.1. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið greiðir styrkþega árlegt framlag í jöfnum hlutum í lok hvers ársfjórðungs.
- 5.2.2. Mennta- og menningarmálaráðuneytið millifærir til umhverfis- og auðlindaráðuneytis framlag sitt til verkefnisins í jöfnum hlutum í lok hvers ársfjórðungs.
- 5.3. Styrkþega ber að skila ráðuneytum:
- 5.3.1. Áætlun um áformaða ráðstöfun styrkfjárhæðar á árinu og framvindu verkefnis



fyrir lok apríl. Þar skal að lágmarki koma fram skipting milli launagjalda, annarra rekstrargjalda og eignakaupa ásamt helstu magntölum sem áætlunin byggir á. Ráðuneytin áskilja sér rétt til að bregðast við áætluninni innan mánaðar frá því henni var skilað.

5.3.2. Fyrir lok aprílmánaðar skal styrkþegi senda báðum ráðuneytum endurskoðaðan ársreikning ársins á undan.

6. Bókhald og fjárreiður


- 6.1. Styrkþegi skal halda fjárreiðum og reikningshaldi vegna samnings þessa aðgreinanlegu frá öðrum fjárreiðum, bókhaldi og eignum sínum.
- 6.2. Styrkþegi skal færa framlag ríkisins og bein útgjöld vegna samnings þessa á sérstaka bókhaldslykla í bókhaldi sínu og sýna í ársreikningi.
- 6.3. Eigi styrkþegi í viðskiptum við lögaðila sem hann á eignarhlut í eða er í eigu fjárhagslega tengdra aðila svo sem stjórnenda hans, eða annarra aðila, skulu þau fara fram á viðskiptalegum forsendum og gerð grein fyrir þeim í ársreikningi styrkþega.

7. Almenn upplýsingagjöf, samskipti og eftirlit

- 7.1. Ráðuneytin hafa eftirlit með framkvæmd samningsins og tilnefna fulltrúa sína sem tengiliði við styrkþega vegna samnings þessa.
- 7.2. Fulltrúar ráðuneytanna boða fulltrúa styrkþega að lágmarki á einn formlegan fund á ári um samninginn.
- 7.3. Fyrir lok apríl ár hvert skal styrkþegi skila ráðuneytunum stuttri greinargerð um framkvæmd samningsins, hver staða verkefnis er og hvernig styrknum var ráðstafað.
- 7.4. Styrkþegi boðar fulltrúa ráðuneytanna á upplýsingafundi með stýrihópi verkefnisins a.m.k. árlega þegar farið er yfir stöðu og stefnu verkefnisins.
- 7.5. Styrkþega ber að skila ráðuneytunum upplýsingum sem það kallar eftir vegna opinberrar upplýsingagjafar.
- 7.6. Styrkþegi skal veita ráðuneytunum upplýsingar sem það kallar eftir vegna eftirlits með framkvæmd samningsins og upplýsingar sem ráðuneytin þurfa á að halda til að meta hvort styrkþegi hafi næga faglega og fjárhagslega getu til að uppfylla skyldur samkvæmt samningnum. Á samningstímanum skal, samkvæmt ákvörðun ráðuneytanna, ráðast í úttekt og mat á verkefninu í heild sinni. Skal mennta- og menningarmálaráðuneytið sjá um framkvæmd úttektarinnar. Í því sambandi hefur það óheftan aðgang að öllum gögnum hjá styrkþega sem máli skipta, þar á meðal fundargerðum, skrám, fylgiskjölum, skýrslum, bókum og bréfum.
- 7.7. Samning þennan, ársreikning styrkþega og greinargerð styrkþega um framkvæmd samnings skal birta á vef styrkþega jafnóðum og þessi gögn liggja fyrir. Ráðuneytunum er heimilt að birta gögnin á vef sínum.

8. Vanefndir og meðferð ágreinings


- 8.1. Styrkþega er skylt að tilkynna ráðuneytunum tafarlaust ef hann telur vafa leika á um að hann hafi uppfyllt lagalegar forsendur samningsins sbr. 1. gr. eða aðrar þær skyldur sem samningur þessi kveður á um. Jafnframt skal hann greina ráðuneytunum frá til hvaða úrræða hann hyggst grípa.
- 8.2. Ráðuneytunum er heimilt að draga úr greiðslum, stöðva greiðslur og endurkrefja styrkþega um greiðslur uppfylli hann ekki skilmála og skyldur í samningi þessum.
- 8.3. Samningsaðilar munu leitast við að jafna ágreining, ef einhver er, sín á milli.
- 8.4. Dómsmál sem upp kunna að koma út af samningi þessum skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.



9. Gildistími og lok samnings

- 9.1. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2014 til 31. desember 2016.
- 9.2. Hvor aðili um sig getur óskað eftir því að einstök ákvæði samnings þessa eða samningurinn í heild verði tekin til endurskoðunar, enda séu færð fyrir því efnisleg rök. Endurskoðun skal þá hefjast svo fljótt sem verða má.
- 9.3. Óski annar hvor samningsaðila eftir að semja um áframhald eftir gildistíma samningsins skal hann koma því á framfæri fyrir lok febrúar það ár sem samningurinn rennur út.
- 9.4. Óski annar hvor aðila eftir að segja samningnum upp skal það gert skriflega með þriggja mánaða fyrirvara.
- 9.5. Af samningi þessum eru gerð þrjú eintök og heldur hver samningsaðili sínu eintaki.

Reykjavík, 30. janúar 2014



F.h. Landverndar umhverfis- og aðlöndaráðherra mennta- og menningarmálaráðherra